BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Sjóvá-Almennra tryggginga hf. 12.3.2026

Stjórn leggur til á þessum aðalfundi uppfærða starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 4) ásamt tillögu um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn (dagskrárliður 5).

Gildi mun greiða atkvæði gegn starfskjarastefnu félagsins og tillögu um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn þar sem sjóðurinn telur að það skorti á skýrar takmarkanir í fyrirliggjandi tillögum og telur að breyta þurfi ákveðnum efnisatriðum.

Gildi leggur á það áherslu, ef ætlunin er að koma á árangurstengdum launagreiðslum, að upplýst sé um það í starfskjarastefnu hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið sem hlutfall af föstum árslaunum.

Það er afstaða sjóðsins að almennar tilvísanir í þeim efnum til laga um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 séu ekki fullnægjandi. Sjóðnum er kunnugt um að 51. gr. þeirra laga felur í sér takmarkanir sem snúa að kaupaukum. Hámörk er ekki skylt að nýta ásamt því að lagareglur geta tekið breytingum. Það er ekki sjálfgefið að lagabreytingar leiði til dæmis sjálfkrafa til breytinga á starfskjarastefnu hjá Sjóvá, enda þarf að vera samhengi milli fastra og breytilegra launakjara og föst laun eru að jafnaði lægri ef breytileg launakjör eru hærri. Þá er hægt að túlka lagareglur af þessu tagi og framkvæma á ólíka vegu. Stjórn félagsins og hluthafar þess hljóta að hafa skýrari áherslur en svo að láta almenna tilvísun til laga ráða því hver hámörk á breytilegum launakjörum skuli vera hverju sinni.

Á það skortir að mati Gildis að stjórn félagsins setji fram skilgreind hámörk í starfskjarastefnu og útskýri á sama tíma hvernig framkvæmdin verður sem snýr að þeim, sérstaklega varðandi samspil milli kaupauka sem greiddir eru í peningum og úthlutaðra kauprétta. Til dæmis mætti upplýsa um hvort þetta hámark sé mælt við úthlutun kauprétta ef það er ætlunin og þá með hvaða hætti úthlutaðir kaupréttir geta haft áhrif á aðra kaupauka sem greiddir eru í peningum á viðkomandi ári. Engin umfjöllun er um þetta atriði í framlögðum tillögum, hvorki í starfskjarastefnu né kaupréttaráætlun. Sjóðurinn hefur í aðdraganda aðalfundarins hvatt stjórn félagsins til að bæta úr þessu atriði en við því hefur ekki verið brugðist.

Þessu til viðbótar er vakin athygli á grein 3.2. í kaupréttaráætluninni þar sem fram kemur að við gerð kaupréttarsamninga skuli miða við tiltekna mælikvarða og markmið. Þetta er að mati Gildis óljóst og mætti skýra frekar hvernig farið verður með í framkvæmd. Þannig mætti útskýra hvort tiltekinn árangur sé forsenda úthlutunar á kaupréttum og einnig hvort umfang kauprétta geti tekið breytingum eftir útgáfu þeirra vegna þessa.

Sjóðurinn telur jafnframt eðlilegt að vextir reiknist af nýtingarverði kauprétta allt fram að nýtingardegi og gera ætti breytingar á gr. 6.2. í kaupréttaráætlun í þá veru. Sjóðnum er kunnugt um breytingartillögu annars hluthafa sem að þessu snýr en telur þá breytingu eina og sér ekki nægja til þess að breyta afstöðu sjóðsins til framlagðra tillagna.

Óskað er eftir því að bókun þessi verði færð í fundargerð aðalfundarins.

Reykjavík, 12.3.2026

Gildi-lífeyrissjóður

Davíð Rúdólfsson, framkvæmdastjóri